



## 17. júní hátíðarhöld 2017

### Skýrsla formanns

Að þessu sinni annaðist menningar- og æskulýðsnefnd hátíðarhöldin: Ágúst Guðmundsson, Ólafur Hafliðason og Magnea Gunnarsdóttir. Undirbúningur fór fram á fundum nefndarinnar (og á milli funda).

### Hátíðin fór fram í Brautarholti:

#### kl.14:00 Skrúðganga um svæðið, sprell á íþróttavellinum og koddaslagur í sundlauginni

Börn með fána og kona með ferðageislaspilara á öxlinni sem lék lögin „Öxar við ána“ og „Tjarnarmars“ gengu á undan. Tónlistin var mögnuð upp með gjallarhorni. Vakti þetta kátínu og bros á vör.

Í beinu framhaldi af skrúðgöngunni var farið leiki og keppnir á íþróttavellinum. Lára Bergljót Jónsdóttir, Matthías Bjarnason, Ingvar Hersir Sveinsson og Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir ásamt Ágústi höfðu veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd.

Eftir sprellið á íþróttavellinum var farið í hefðbundinn koddaslag í sundlauginni sem Ingvar og Matthías stýrðu.

#### kl. 15:30 Hátíðarsamkoma í Félagsheimilinu

Dagskráin hófst með hugvekju sr. Óskars Hafsteinssonar.

Þá steig fjallkona á svið ásamt fylgdarmeyjum og las ljóð. Fjallkona að þessu sinni var Sigríður Helga Jónsdóttir frá Birnustöðum og með henni gengu Ólöf María Arnórsdóttir frá Þrándarholti og Sigrún Fríða Guðjónsen búsett í Brautarholti. Á undan var „Ísland ögrum skorið“ leikið í hljóðkerfinu og á eftir var Þjóðsöngurinn leikinn.

Ræðumaður að þessu sinni var Lilja Össurardóttir frá Hraunhólum. Allt þetta fólk skilaði sínu með sóma og eiga þau þakkir skildar fyrir fyrirhöfn og vandvirkni.

Að lokinni dagskrá á sviði bauð sveitafélagið upp á kaffi í félagsheimilinu. Alls komu 210 manns í kaffi sem mæltist vel fyrir.

### Fleiri komu að hátíðinni undirbúningi dagsins:

- Bergljót Þorsteinsdóttir á Reykjum hafði veg og vanda af því að skryða Fjallkonu og fylgdarmeyjar.
- Elvar opnaði sundlaugina og Nesey sá um að setja upp límtrésbitann fyrir koddaslaginn.
- Kvenfélag Skeiðamanna sá um kaffið (pantað var fyrir 220 manns)
- Leikskólabörn í Leikholti sáu um að skreyta salinn ☺
- Geisladiskar sem útbúnir voru í fyrra eru í þjóðhátíðarmöppunni ef hugur stendur til að nota þá aftur. Einnig eru hljóðskrárnar til á dropboxi Menningar- og æskulýðsnefndar.

Þrándarholti, 20. júní 2017

---

Magnea Gunnarsdóttir